



Piparjúnkan – Old Maid

Aldur: 4+

Fjöldi leikmanna: 2 – 6

Leiktími:

Innihald: 53 þykk spil

Hugmynd og markmið:

Að ná að losna við öll spilin sín án þess að sitja eftir með piparjúnkuna.

Undirbúningur:

Stokkið spilin og deilið þeim öllum á milli leikmanna á hvolfi. Sumir gætu fengið fleiri spil en aðrir, það er í lagi.

Leikmenn flokka spilin sín og leggja pör (af andlitum eða tölum) á hvolf fyrir framan sig. Ef leikmaður á þrjú eins af einhverju, situr þriðja spilið eftir á hendinni. Hafi leikmaður hins vegar fengið fjögur eins spil, leggur hann þau á borðið sem tvö pör.

Gangur spilsins:

Leikmaðurinn vinstra megin við þann sem gaf, byrjar. Hann breiðir út spilin sín í blævæng og beinir þeim á hvolfi að leikmanninum til vinstri. Sá leikmaður velur eitt spil úr blævængnum án þess að kíkja. Búi spilið til þar með öðru spili á hans hendi, fær hann að leggja parið á borðið. Ef ekki, heldur hann spilinu. Næst gerir sá sem dró og svo koll af kolli til vinstri. Leikmenn halda áfram að draga og leggja niður pör. Losni leikmaður við öll spilin af hendi er hann öruggur.

Leikslok:

Spilinu lýkur þegar allir hafa losnað við spilin sín. Leikmaðurinn sem situr eftir með piparjúnkuna tapar.

Kænskubragð:

Reynið að halda andlitinu þegar þið fáið piparjúnkuna. Ekki láta hina leikmennina vita að þið séuð með hana!

Það má nota stökkinn til að spila öll uppáhalds spilin ykkar. Leggið bara piparjúnkuna til hliðar, stokkið og spilið!

Þýðing: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir